

Ræða að gefa aðra ferðagjöf

Ráðherra segir réttast að skoða mögulega útfærslu á nýrri ferðagjöf. Helmingur gjafarinnar frá í fyrra hefur verið nýttur. Um 700 milljónir óinnleystar.

FERÐAÞJÓNUSTA Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, segir að til greina komi að gefa landsmönnum aðra ferðagjöf í sumar.

Engin ákvörðun hafi þó verið tekin um slíkt en þar sem ferðagjöfin í fyrra virkaði vel og hafði jákvæð áhrif á hagkerfið, segir Þórdís réttast að skoða mögulegar útfærslur á nýrri ferðagjöf.

Framhaldsferðagjöfin verður rædd á fundi ríkisstjórnarinnar í dag.

„Staðan er sú að það er búið að nýta um helming ferðagjafarinnar og ráðstafa um rúmlega 700 milljónum króna þannig að það eru enn um 700 milljónir sem er þá óráðstafað,“ segir Þórdís í samtali við Fréttablaðið.

Við lok síðasta árs var ákveðið að framlengja gildistíma til loka maí. Þórdís segir að það ætti ekki að vera stórmál að framlengja hann enn frekar svo ferðagjöfin gildi til loka næsta sumars en sömuleiðis skoða nýja gjöf fyrir þá sem hafa nýtt sína.

„Það kemur alveg til greina að útfæra hana frekar og nánar. Ef ferðagjöfin er ekki nýtt af öllum þá er spurning hvort það eigi að endurgera hana þannig að þeir sem hafa nýtt hana einu sinni geri það aftur,“ segir Þórdís og bætir við að sú ákvörðun hafi ekki verið tekin.

„Mér finnst sjálfsagt að framlengja gildistímann þannig að hún gildi út næsta sumar og mér finnst alveg koma til greina að endurtaka leikinn gagnvart þeim sem þegar hafa nýtt hana. Þetta virkaði, þetta hefur áhrif á fyrirtækin og hagkerfið. Fyrirtækin fóru mörg hver að bjóða ýmiss konar tilboð og slíkt,“ bætir hún við.

Þórdís segir líklegt að næsta sumar verði að miklu leyti „innanlandssumar“ þó ýmislegt eigi eftir að

skýrast í þeim efnum. Breytingar á landamærunum taka gildi 1. maí en það er enn stór spurning hver umsvif erlendra ferðamanna verða.

„Við vitum að meginþorri Íslendinga mun ferðast innanlands og þá finnst mér rökrétt og skynsamlegt að við leitum leiða til að vera með hvata og innspýtingu gagnvart samfélaginu í heild,“ segir Þórdís.

Spurð hvort til greina komi að víkka gjöfina þannig hún taki til fleiri fyrirtækja segir Þórdís að skoða þurfi það sérstaklega.



Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir.

„Það hefur engin ákvörðun verið tekin um slíkt en útfærslan sem við vorum með síðasta sumar virkaði vel en hún er ekki heilög. Við vitum meira um stöðu ferðaþjónustunnar og stöðu afleiddra greina. Mér finnst koma til álita að við nýtum þær upplýsingar og þá stöðu, sem er orðin meiri og önnur en síðasta sumar, til að meta það hvort við útvíkkum eitthvað gildissvið ferðagjafarinnar.“

Spurð hvort það komi til greina að hækka upphæðina í ljósi þess að rúmlega helmingur nýtti ekki fyrri gjöfina og fá þannig meira fé inn í hagkerfið segir Þórdís að reynslan af síðasta sumri verði skoðuð.

„Mér finnst í raun verkefnið að vera að nýta þá reynslu sem við höfum frá síðasta sumri bæði af útfærslunni og nýtingu á gjöfinni. Ef við getum nýtt hana til góðs þannig að framhaldsferðagjöf taki einhverjum breytingum þá er ég alveg opin fyrir því,“ segir Þórdís. —mhj

Nokkurra klukkutíma viðbragð

NÁTTÚRUVÁ Almannaþingurinn kortleggja nú viðbragð við hugsanlegu hraunflæði á Reykjanesi. Rögnvaldur Ólafsson deildarstjóri gerir ráð fyrir að hafa að minnsta kosti nokkra klukkutíma til að bregðast við.

Rögnvaldur segir skást að hraunið flæði suður og út í sjó en það færi þá yfir kafla á Suðurstrendarvegnum. „Það ætti þá að vera einfalt

að leggja nýjan veg á sama stað. Hiti myndi lúra í hrauninu í einhvern tíma og biða þyrfti í einhverja daga, vikur eða mánuði þar til hægt væri að leggja nýjan,“ segir Rögnvaldur.

Renni hraunið annað og ögni mannvirkjum þyrfti að horfa á landslagið í heild og meta hvernig væri hægt að stýra því, með því að reisa vegg í jarðvegi eða rjúfa náttúruleg höft. —khg



Unnið var að því í gær að fella aspir í gamla Hólavallakirkjugarðinum við Suðurgötu. Það verkefni hentar ekki lofthræddum. Byrjað var á að fjarlægja greinar upp eftir stofnunum og það verður ekki gert án þess að klífra upp trén og beita svo flugbeittum verkfærum á greinarnar. Allt tókst þetta vel og trén féllu eitt af öðru. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

www.volkswagen.is/id4

Verð frá 5.090.000 kr.



ID.4 er mættur! 
Komdu og prófaðu

 HEKLA · Sími 590 5000 · Laugavegur 170





Stefnt er að því að framkvæmdum í Höllinni verði lokið í nóvember.

Höllin verði klár í nóvember

MANNVIRKI Vinna við að leggja nýtt gólf í íþróttasal Laugardals-hallarinnar er á áætlun en gólfíð eyðilagðist í leka um miðjan nóvember síðastliðinn. „Við erum að fara í útboð á flotun og því gólfefni sem þarf í verkið á næstu dögum. Eins og staðan er núna er markmiðið að vinna við að gera gólfíð tilbúið klárast í nóvember á þessu ári,“ segir Birgir Bárðarson, framkvæmdastjóri íþróttar- og sýningarhallarinnar í Laugardal.

„Við erum að laga lýsinguna í salnum þessa stundina og þá stendur yfir vinna við að bæta búningsaðstöðuna við salinn. Þá erum við einnig að gera bragarbót á salernisaðstöðunni sem getur nú þjónustað 2.000 manns í einu. Okkur langar svo að frikka upp á anddyrið í Laugardalshöllinni á næstu misserum en það er því miður ekki á dagskrá eins og sakir standa,“ segir hann enn fremur. – hó

Mjúk lending



Úrslit í Skrekk, árlegri hæfileikakeppni grunnskólanemenda í Reykjavík, fóru fram í Borgarleikhúsinu í gærkvöld. Hér sjást nemendur Lauga-lækjarskóla undirbúa atriði sitt. Fram fór svo lokarennslí áður en keppendur stigu á svið. Sjónvarpað var beint frá úrslitunum. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Sundlaugargestir komi ekki akandi að lauginni

SKIPULAGSMÁL Viljayfirlýsing um Fossvogslaug hefur verið undirrituð af Reykjavík og Kópavogi en hún verður byggð samkvæmt grænum stöðlum og aðeins verða bilastæði fyrir fatlaða og aðföng.

Að öðru leyti mun laugin þjóna hverfinu og gangandi og hjólandi gestum. Komi gestir akandi þarf að finna bilastæði í hverfinu í kring. Eftir er að ákveða nákvæma staðsetningu en hún mun verða í miðju dalsins.

„Það er fagnaðarefni að Fossvogslaug verði að veruleika. Laugin bætist í flóru þeirra almenningssundlauga sem starfræktar eru í Reykjavík og Kópavogi. Samstarfið hefur gengið afar vel og er það rammað inn af þessari viljayfirlýsingu,“ segir í bókun meirihlutans í Reykjavík um Fossvogslaugina.

Næstu skref er breyting á aðal-skipulagi og hönnunarsamkeppni

» Komi menn akandi verði hægt að nýta bilastæði við skólabyggingar og Fagralund og ganga þaðan.

ásamt góðu samráði við hverfin í Fossvogsdal, skólasamfélag og íþróttafélögin, segir í bókuninni.

Í viljayfirlýsinguinni segir að efnt verði til hönnunar- og skipulags-samkeppni um bestu staðsetningu og útfærslu laugarinnar.

Í minnisblaði vegna sundlaugarinnar segir að miðja dalsins henti skólum best. Hún verði litil og þjóni skólasundi á daginn og almenningi eftir lokun skóladags. Fyrir þá sem eru akandi verði hægt að nýta bilastæði við skólabyggingar og Fagralund og ganga þaðan.

Gert er ráð fyrir að kostnaður skiptist til helminga á milli aðila. –bb

Æstur múgurinn hirti lítið um golfvöllinn

Helgarbíltúrinn lá að hvalshræinu við sjöundu braut golfvallar Sandgerðis. Um sex þúsund manns kirtu á hvalinn um helgina og eirðu hvorki vellinum né golfurunum sem reyndu að spila golf. Hvalurinn var dreginn á haf út í gær.

SAMFÉLAG „Við þurftum að byrja á laugardagsmorgun að setja spýtur og spotta fyrir allt þar sem hægt er að keyra inn á völlinn. Fólk var að keyra inn á hann og ekkert að hugsa. Keyrðu yfir grínin, brautir og beint í fjöruna til að skoða hvalinn,“ segir Óskar Marínó Jónsson framkvæmdastjóri Golfklúbbs Sandgerðis.

Óskar, Lárus Óskarsson formaður golfklúbbsins, og aðrir félagar í klúbbnum þurftu að standa í stórræðum um helgina eftir að fréttir bárust um samfélagsmiðla af því að hræ af hnúfubak lægi við sjöundu holu hjá Golfklúbbi Sandgerðis. Helgarrúnturinn lá á völlinn en ekki voru allir að hugsa um golfvöllinn heldur æddu af stað í hugsunarleysi til að þurfa að labba sem minnst. Flestir lögðu hjá Garðskagavita en þurftu þá að ganga töluverðan spotta. Eftir að spurðist út að betra væri að leggja hjá golfvellinum til að spara labbið gerðust hlutirnir hratt.

„Á sunnudag var fullur völlur af golfurum að spila frá 10-16 og þeir sem voru að skoða hvalinn voru bara fyrir. Löbbuðu fyrir allar brautir og ég veit ekki hvað og hvað. Það komu um tvö þúsund manns hérna á laugardeginum og hátt í þrjú þúsund á sunnudeginum. Það var einhver fjöldi sem kom hingað á föstudaginn líka en þá vorum við ekki að telja,“ segir Óskar.

Þeir fengu svo bæjaryfirvöld og björgunarsveitina með sér í lið í gær og drógu hnúfubakinn, sem var 16 metra langur og þriggja metra hár, út á sjó þar sem honum var sökt.

„Við fengum björgunarsveitina og bæinn til að hjálpa okkur. Þetta



Hnúfubakurinn í fjörunni vakti athygli um helgina. Sjöunda brautin blasir við í fjarska en mörg þúsund manns kirtu á hræið. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

Heilsársvöllur

Kirkjubólsvöllur er heilsársvöllur og er spilað á honum jafnt að sumri sem vetri. Jafnvel um jól og áramót eins og var nú síðast. Óskar segir að vatn festi ekki í jörðu sökum undirlagsins og því sé hægt að spila á vellinum. Grasið kemur vel undan snjólitlum vetri. „Við erum opin allan ársins hring. Það var mikið spilað á vellinum um helgina og helgina þar á undan. Við höfum spilað hring um áramótin og jólin og aldrei neitt vesen.“



Óskar Marínó Jónsson.

truflaði allt okkar starf þannig að við losuðum okkur við hann. Hann var allur uppblásinn og virtist hreinlega vera að springa. Það hefði verið helvíti glatað. Vera með úldinn völl í allt sumar. Það hefði ekkert verið sérstakt,“ segir Óskar, hress með að vera laus við hvalinn og tillitslausa gesti.

benediktboas@frettabladid.is

MOTTUMARS

mottumars.is

SAFNAÐU!



BÍLL ÁRSINS Í EVRÓPU!

SIGURVEGARI EUROPEAN CAR
OF THE YEAR AWARDS 2021



TOYOTA YARIS HYBRID ER BESTI BÍLLINN Í EVRÓPU 2021

Markmið ECOTY-verðlaunanna er að velja besta bílinn
ár hvert, einn sigurvegara þvert á flokka.

Verðlaunin hafa verið veitt árlega frá árinu 1964.

Í nefndinni sátu 59 dómarar frá 22 löndum,
fjölmíðlafólk úr fremstu röð bílatímarita.

TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Varpar ljóma á Ísland í heild

MENNING Hin íslenska Já-fólkið fékk tilnefningu í flokki stuttra teiknimynda til Óskarsverðlauna í gær. Þá var lagið Húsavík úr kvikmyndinni Eurovision tilnefnt sem besta lagið, en fjólmargir Íslendingar komu að gerð hennar.

Laufey Guðjónsdóttir, forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvarinnar, segir Ísland ekki í tisku heldur snúið velgengnin um hæfileika íslensks kvikmyndagerðarfólks og góðan stuðning hins opinbera. Á síðustu öld var tilnefning Barna náttúrunnar sú eina sem Íslendingar hlutu. En á þessari öld eru tilnefningarnar orðnar fimm og ein verðlaun í húsi.



Laufey Guðjónsdóttir, forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvarinnar.

„Þetta varpar ekki aðeins ljóma á myndina sem slíka, heldur Ísland allt,“ segir Laufey spurð um hvað tilnefning Já-fólksins þýði. Stuttmyndir geti verið stökkpallur til stærri verkefna en líka er tilnefningin hvatning til fólks að til prófa sig frekar áfram í stuttmyndagerð.

Laufey segir Íslendinga orðna góðu vana en ekki sé ástæða til að halda að velgengnin geti ekki haldið áfram. – khg

Vonbrigði með ákvörðun páfa

MANNRÉTTINDI Þorbjörg Þorvaldsdóttir, formaður Samtakanna '78, segir ákvörðun páfa um bann við blessun hjónabanda samkynja para í gær vonbrigði. „Ég batt vonir við að kaþólska kirkjan væri að færast í rétta átt því Franz páfi hefur áður talað á jákvæðum nótum um hinsegin fólk og fyrir lagalegum réttindum,“ segir Þorbjörg.



Þorbjörg Þorvaldsdóttir, formaður Samtakanna '78.

Kaþólska kirkjan telur nú tæplega 15 þúsund manns á Íslandi. Presturinn hefur sagst frekar fara í fangelsi en að gifta samkynhneigða. Þá eru fleiri trúfélög sem hafna vígslu samkynja para. „Við verðum að biðja eftir að þau sjái ljósið,“ segir Þorbjörg. Telur hún ekki rétt að krefjast þess að svipta trúfélögin hjónavígsluleyfinu. – khg

Ár liðið frá því að fyrsta samkomubannið var sett á

COVID-19 Í dag er ár liðið frá því að samkomubann var sett á hér á landi í fyrsta sinn. Bannið tók gildi á miðnætti þann 16. mars 2020 og fól í sér bann við skipulögðum viðburðum þar sem fleiri en 100 manns komu saman.

Við minni mannamót sem heimilt var að færu fram þurfti að tryggja að fjarlægð milli tveggja einstaklinga væri að minnsta kosti tveir metrar og að gott aðgengi væri að bæði handþvotti og handspritti.



Það var einstaklega tómlegt um að litast í Smáralindinni fyrir sléttu ári síðan. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Alls voru 175 smitaðir af COVID-19 hér á landi þegar bannið var sett á.

Bannið náði til viðburða líkt og ráðstefna, málþinga, funda, tónleika, leiksýninga, kvikmyndasýninga og einkasamkvæma sem og hvers konar kirkjuathafna. Þá var kapp lagt á að halda grunn- og leikskólum opnum en háskólum og framhaldsskólum var lokað. Kennt var í fjarkennslu eins og hægt var.

Takmarkanirnar giltu til 4. maí en þá máttu 50 manns koma saman.

Tveimur vikum síðar voru sundstaðir opnaðir og því næst líkamsræktarstöðvar, þá fengu 200 manns að koma saman.

Á því ári sem liðið er frá því að samkomubann var sett á hafa að mestu verið í gildi einhvers konar takmarkanir á samkomum. Í dag er hámarksfjöldi einstaklinga í sama rými 50 með ákveðnum takmörkunum. Núgildandi reglur eru í gildi út morgundaginn en á fimmtudag taka gildi nýjar reglur. – bdi

Þurfum að takast á við líðan framhaldsskólanema strax

Hagsmunafulltrúi Samtaka íslenskra framhaldsskólanema segir nauðsynlegt að hafa starfandi sálfræðing í öllum framhaldsskólum. Nú eru einungis sálfræðingar í um helmingi skólanna. Fjöldi nemenda upplifi vanlíðan vegna faraldursins. Skólasálfræðingur í MH segir þjónustuna vel nýtt af nemendum.

MENNTAMÁL „Það er stór hluti nemenda sem líður bara mjög illa,“ segir Sara Dís Rúnarsdóttir, hagsmunafulltrúi hjá Samtökum íslenskra framhaldsskólanema (SÍF).

Nemendur í framhaldsskólum hafa síðastliðið ár að miklu leyti verið í fjarnámi vegna samkomutakmarkana. Frá því 1. janúar á þessu ári hefur kennsla þó að mestu farið fram í staðnámi að nýju og segir Sara það hafa verið vilja meirihluta nemenda. Mikið álag fylgi þó þeim breytingum að fara úr fjarnámi yfir í staðnám.

„Fjarnámið var fint fyrst og þeim nemendum sem voru sterkir námslega og skipulagðir fannst þægilegt að geta stjórnað sínu námi sjálfir en það kom fljótt þreyta í nemendur,“ segir Sara.

„Flakkið á milli fjarnáms og staðnáms er eitthvað sem við höfum ekki skoðað í þaula en við skynjuðum mikinn kvíða og stress meðal nemenda, sérstaklega varðandi óvissuna um það hvað myndi gerast næst,“ segir Sara og bætir við að samkvæmt niðurstöðum ráðgjafarhóps á vegum SÍF hafi 40 prósentum framhaldsskólanema liðið illa í fjarnámi. Þá sögðu einungis 22 prósent að sér hefði liðið vel þann tíma sem fjarnámið stóð yfir.

Í ljósi þessara niðurstaðna segir Sara afar mikilvægt að huga að andlegri heilsu nemenda, til dæmis með aukinni sálfræðipjónustu í framhaldsskólum. Bóas Valdórsson, sálfræðingur í Menntaskólanum við Hamrahlíð, segir álag hafa verið mikið á nemendum í faraldrinum og að greinilegt sé að fjarnám fari misvel í þá.



Framhaldsskólanemar upplifa kvíða, stress og mikið álag við að fara úr fjarnámi í staðnám á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Við skynjuðum mikinn kvíða og stress meðal nemenda, sérstaklega varðandi óvissuna um það hvað myndi gerast næst.

Sara Dís Rúnarsdóttir, hagsmunafulltrúi SÍF



„Það var mjög greinilegt að nemendur upplifðu álag í þessum aðstæðum. Bæði það að flakka á milli staðnáms og fjarnáms en svo felst líka mikið álag í því að bera ábyrgð á námi sínu sjálfur eins og gerist í fjarnámi,“ segir Bóas.

Hann segir nemendur í MH nýta sér þjónustu hans í miklum mæli og að hann hafi heyrt sömu sögu frá kollegum í öðrum skólum. „Faraldurinn hefur verið þvílíkur rússbani fyrir framhaldsskólanemendur en það er ánægjulegt hvað þau eru dugleg að nota þjónustuna.“

Einungis eru starfandi sálfræðingar í um helmingi framhaldsskóla og segir Sara að SÍF hafi löngum

barist fyrir því að sálfræðingur sé starfandi í þeim öllum. „Það er bara nauðsynlegt og sérstaklega núna. Við þurfum að takast á við líðan nemenda strax svo við sitjum ekki uppi með eftirköst faraldursins.“

Hildur Björgvinsdóttir, framkvæmdastjóri SÍF, tekur undir orð Söru og segir biðlista eftir almennum sálfræðingum allt of langa. Þá sé þjónusta þeirra mjög kostnaðarsöm. „Við lítum einnig á það sem kost að sálfræðingar séu sýnilegir í skólum,“ segir Hildur. „Núna stendur valið á milli þess að fara á langan biðlista hjá heilsugæslunni eða að borga hátt verð á almennum stofum.“ birnadrofn@frettabladid.is

ÍS BAND ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI OG SMURÞJÓNUSTA

UMBOÐSAÐILI

Jeep



RAM



VIÐURKENNT ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

SMURÞJÓNUSTA FYRIR ALLA BÍLA

FIAT HÚSBÍLAR - ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

ALLIR VINNA - ENDURGREIÐSLA VSK.

STUTTUR BIÐTÍMI SÍMI 590 2323



SMURÞJÓNUSTA



Í dag erum við öll í sama liði – Air Iceland Connect verður Icelandair



Icelandair og Air Iceland Connect sameinast undir merkjum Icelandair.

Þessi breyting er liður í að efla innanlandsflugið og verður til hagsbóta fyrir farþega á margan hátt, frá betri verðum til fleiri áfangastaða og aukinna farþegafríðinda. Þar með verður Icelandair fyrsti áfangi ferðalagsins, innanlands og utan.

Innanlandsflugið er komið á kortið og heimurinn færist enn nær.
Kynntu þér málið á icelandair.is/saman

ICELANDAIR 



Fáir á ferli í Brescia á Ítalíu í gær.

Ítalir skella öllu í lás á nýjan leik

COVID-19 Ítalir hafa skellt stórum hluta landsins í lás enn á ný vegna breska afbrigðisins af kórónaveirunni.

Landsmenn þurfa því að fresta öllum páskaþlönnum sínum en aðeins Sardinía slapp við nýjustu tilskipunina. „Þetta mun hafa áhrif á menntun barna okkar, efnahaginn og andlega heilsu,“ sagði nýr forsætisráðherra, Mario Draghi, í ávarpi.

CNN segir að samkomubannið minni á það sem var sett á fyrir ári. Þjóðverjar og Frakkar íhuga einnig að setja á meiri takmarkanir vegna faraldursins en þar hefur tilfellið farið fjölgandi. – **bb**



Vegna sandstormsins var appelsínugult mistur yfir Pekingborg í gær.

Sandstormur geisar í Peking

KÍNA Mengun mældist 160 sinnum meiri en æskilegt þykir í Peking, höfuðborg Kína, í gær, þegar sandstormur gekk yfir borgina. Ekki hefur verri sandstormur gengið yfir í Kína í um áratug. BBC greinir frá.

Stormurinn varð til þess að fresta og aflýsa þurfti hundruðum flugferða til og frá Peking en borgin var þakin ryki og skyggni var afar slæmt. Í það minnsta tólf sýslur í Kína hafa orðið fyrir barðinu á storminum.

Stormurinn á upptök sín í Mongólíu en þar hafa geisad miklir stormar undanfarið. Í það minnsta sex hafa látið lífið í stormunum í Mongólíu og á þriðja tug er saknað. – **bđj**

Nokkrir klukkutímar til að bregðast við hraunflæði

NÁTTÚRUVÁ Almannaþarnir vinna nú að því að kortleggja viðbragð við hugsanlegu hraunflæði á Reykjanesi komi þar upp gos. Er helst horft til Náthaga í því samhengi en einnig til annarra sviðsmynda. Rögnvaldur Ólafsson deildarstjóri gerir ráð fyrir að almannaþarnir myndu alltaf hafa að minnsta kosti nokkra klukkutíma til að bregðast við gosi. „Hraun á þessu svæði eru seigfljótandi og fara ekki hratt yfir,“ segir hann.

Meðal þess sem nú er verið að skoða er landmótun með stórtækum jarðvinnuvélum til þess að stýra



Hiti myndi lúra í hrauninu í einhvern tíma og biða þyrfti í einhverja daga, vikur eða mánuði þar til hægt væri að leggja nýjan.

Rögnvaldur Ólafsson, deildarstjóri hjá almannaþörnum



hraunflæðinu í ákveðna átt. Verið er að kortleggja þær vinnuvélar sem til eru á svæðinu en Rögnvaldur segir að hugsanlega gæti þurft að sækja vinnuvélar víðar af landinu, sérstaklega til svæða í nágrenni við Suðurnesin.

Þá þurfi einnig að meta virði mannvirkjanna með tilliti til björgunarkostnaðar, tíma, áhættu og flækjustigs. Í sumum tilvikum geti verið betra að leyfa hrauninu að fara yfir og byggja að nýju.

Rögnvaldur segir skást að hraunið flæði suður og út í sjó en það færi þá yfir kafla á Suðurstrandarveg-

inum. „Það ætti þá að vera einfalt að leggja nýjan veg á sama stað. Hiti myndi lúra í hrauninu í einhvern tíma og biða þyrfti í einhverja daga, vikur eða mánuði þar til hægt væri að leggja nýjan,“ segir Rögnvaldur.

Renni hraunið annað og ógni mannvirkjum þyrfti að horfa á landslagið í heild og meta hvernig væri hægt að stýra því. Með því að reisa veggi úr jarðvegi eða rjúfa náttúruleg höft. „Það þarf að horfa á heildarmyndina því breyting á landslagi á einum stað getur haft áhrif á hraunflæði annars staðar,“ segir Rögnvaldur. – **khg**

Allt í hers höndum í Mjanmar

Tala látinna í Mjanmar hækkar með degi hverjum þar sem herstjórnin hefur útvíkkað herlög landsins. Kínversk yfirvöld krefjast þess að kínverskar verksmiðjur í landinu njóti sérstakrar verndar í átökunum.

MJANMAR Átök mótmælenda og öryggissveita héldu áfram í borginni Jangún í Mjanmar í gær. Þá létust að minnsta kosti sex mótmælendur en tugir hafa fallið í átökunum á síðustu dögum. Lögreglan í landinu beitir áfram skotvopnum og táragasi gegn óbreyttum borgurum.

Að minnsta kosti 37 létu lífið á sunnudaginn sem var blóðugasti dagur mótmælanna til þessa. Í kjölfar átakanna framlengdu stjórnvöld í Mjanmar herlög í fjölda borga sem mun gefa öryggissveitum aukid umboð til að herða aðgerðir enn frekar. Auk þess munu mótmælendur þar eiga á hættu að vera dregnir fyrir herðómstól.

Mótmælin hafa staðið yfir síðan í byrjun febrúar þegar her landsins framdi valdarán og handtók Aung San Suu Kyi, lýðræðislega kjörinn leiðtoga landsins. Herstjórnin sakaði Suu Kyi og flokksmenn hennar um stórtækt kosningasvindl en ekki hafa verið færðar sönnur á þær ásakanir. Mótmælendur krefjast þess að Suu Kyi verði látin laus en herstjórnin segir að boðað verði til sanngjarnra kosninga þegar ástandinu linnir.

Hin 75 ára gamla Suu Kyi hefur lítið sést síðan hún var handtekin. Hún á yfir höfði sér ýmsar ákærur en herstjórnin hefur meðal annars sakað hana um ólögleg fjarsamskipti, hræðsluáróður og að þiggja mútur.

Suu Kyi átti að mæta fyrir fjarðómstóla í gær en lögfræðingur hennar sagði í viðtali við fréttastofu Reuters að réttarhöldum yrði frestað til 24. mars þar sem internetið hefði legið niðri. Verði Suu Kyi sakfelld mun hún þurfa að sæta



Að minnsta kosti 37 létu lífið á sunnudag sem var blóðugasti dagur mótmælanna til þessa. FRÉTTABLAÐID/EPA

» **Mótmælin hafa staðið yfir síðan í byrjun febrúar þegar her landsins framdi valdarán og handtók Aung San Suu Kyi, lýðræðislega kjörinn leiðtoga landsins.**

nokkurra ára fangelsivist og verður mögulega bannað að taka þátt í kosningum.

Margir þingmenn sem flúðu land eftir að þeir voru hraktir frá í valdaráninu hafa neitað að viðurkenna valdaránið og vinna nú sem

hópur gegn herstjórninni. Þeir hafa sent frá sér yfirlýsingu þar sem þeir hvetja íbúa Mjanmar til frekari mótmæla.

Herlög hafa tekið gildi víðar í landinu sem kann að vera viðbragð herstjórnarinnar við kröfu kínverskra yfirvalda um að kínverskar verksmiðjur í Mjanmar njóti verndar. Að sögn kínverska sendiráðsins í Mjanmar slösuðust margir kínverskir starfsmenn eftir að ráðist var að kínverskum verksmiðjum í átökunum á sunnudag.

Kínversk stjórnvöld hafa verið

sökuð um að styðja við herstjórnina og á samfélagsmiðlum lýstu þúsundir íbúar Mjanmar yfir hneykslun vegna skeytingarleysis Kína vegna fjölda látinna í mótmælunum.

Ekki er ljóst hverjir stóðu að árásum á verksmiðjurnar en erindreki Taívan í Mjanmar hefur hvatt taívönsk fyrirtæki í landinu til að merkja starfsemi sína sérstaklega til að aðgreina sig frá Kína. Ráðlagði hann þeim að hengja upp fána Taívan fyrir utan verksmiðjur sínar. **arnartomas@frettabladid.is**

FASTEIGNASALAN
TORG

Kraftur, traust
og árangur



Hringdu
núna
520 9595

Þorsteinn Gíslason
Sími: 694 4700



DROTTNINGAR Í REKKJUNNI

20% AFSLÁTTUR



LAYLA 160 CM HEILSURÚM

 20% AFSLÁTTUR

VERÐ 179.880 KR

VERÐ ÁÐUR 223.600 KR

Innifalið í verði.

Dýna botn og fætur, Gefur góða hvíld,
5 svæða skipt pokagormakerfi, styrktir
kanntar, toppur sem gefur góða aðlögun.



ALEXA 160 CM HEILSURÚM

 20% AFSLÁTTUR

VERÐ 217.920 KR

VERÐ ÁÐUR 272.400 KR

Innifalið í verði.

Dýna botn og fætur, Gefur góða hvíld,
tvöfalt 5 svæða skipt pokagormakerfi,
styrktir kanntar, toppur sem gefur góða
þyngdardreyfingi, þrýstijöfnun og aðlögun.

COMO STILLANLEGUR
HÆGINDASTÓLL
20% AFSLÁTTUR



VERÐ 39.920 KR
VERÐ ÁÐUR 49.900 KR
3 LITIR

WWW.REKKJAN.IS

SKOÐUN

Haltu mér –
slepptu mér

Björk
Eidsdóttir
bjork@frettabladid.is

Viðtal fjölmiðlakonunnar Oprah Winfrey við fyrrverandi hertogahjónin af Sussex, Harry og Meghan, hefur verið á allra vörum undanfarið og sýnist sitt hverjum. Fólk hefur skiptar skoðanir á frásögn þeirra af samskiptum við bresku konungsfjölskylduna og svo þá staðreynd að þau, sem fornað hafa miku til að fá um frjáls höfuð sín strokið, skuli síðan opinbera sögu sína í viðtali við frægustu sjónvarpskonu heims og koma sér þannig lóðbeint aftur inn í umræðuna sem þau segjast þó vilja forðast.

Í viðtalinu sagðist Harry óttast að saga móður sinnar, Diónu heitinnar, endurtæki sig. Diana var hundelt af fjölmiðlum. Í raun elt út í rauðan dauðann þar sem taumlaus áhugi bresku pressunnar á konungsfjölskyldu sinni náði áður óþekktum hæðum og prinsessa fólksins fékk hvergi frið.

Í Diónu sameinaðist svo margt sem kveikir áhuga almennings; fegurð, ríkidaemi og óhamingja. Eftir sviplegt fráfall hennar var kallað eftir breytingum og að fjölmiðlar virtu friðhelgi einkalífs fræga fólksins. Almennigur, sem kallaði eftir fréttunum, reiddist þeim sem höfðu sótt þær.

Þeir sem verja vildu ágengni fjölmiðla bentu réttilega á að sjálf hefði Diana notið sviðsljóssins og nýtt sér mátt fjölmiðlanna sér til framdráttar og upphafningar. Tengdafjölskylda hennar fyrrverandi mætti sín jafnframt litils ef sviðsljós fjölmiðla beindist burt frá henni.

Meghan hefur kvartað undan fjölmiðlaumfjöllun sem í hennar tilfalli hefur sannarlega verið óvæginn og augljóslega gengið nærri henni. Bandaríska leikkonan hefur þó sjálf einnig treyst á að um hana væri fjallað. En ekki á þennan hátt. Þarna skortir jafnvægið þar sem lesendur fá það sem þeir vilja án þess þó að traðkað sé á rétti umfjöllunarefnisins til einkalífs.

Þau sem njóta þess að prýða forsiður blaðanna þegar allt leikur í lyndi geta ekki ætlast til þess að grafarþögn ríki þegar gefur á bátinn. Þannig virka fjölmiðlar ekki. Blaðamenn fá reglulega beiðnir um umfjallanir um einstaklinga ef út kemur eftir þá bók, plata, kvikmynd og þar fram eftir götunum. Því meira sem fjallað er um einstakling, því þekktari verður hann og í framhaldi vekur fleira sem hann gerir eða upplifir athygli miðilsins og almennings. En ekki er hægt að ætlast til þess að fjölmiðlar virki sem almannatenglar fyrir frægðarfólk þegar því hentar.

Sem betur fer er fjölmiðlaumfjöllun hér á landi allt öðruvísi en hjá til að mynda Bretum og átroðningur á við þann sem kóngafólkið þarf að þola fjarri okkar menningu.

Hitt er þó staðreynd að þeir sem sjálfir hafa komið sér í sviðsljós fjölmiðla vegna starfa sinna eða stöðu geta ekki ætlast til að fá að stjórna slíkri umfjöllun.

Halldór



Frá degi til dags

Piratarnir í Hálsaskógi
Ætla mátti að það væri ávísun á þirring að Andrés Ingi Jónsson, flóttabíngmaður úr VG, skyldi ná ofar á lista í prófkjöri Pírata í Reykjavíkurborgardæmunum en þvottekta Píratin og fyrrverandi borgarfulltrúinn Halldór Auðar Svansson. Halldór var sjálfur hins vegar hinn kátasti og gleðin almennt við völd þegar hann þakkaði traustið á Facebook og þáði 3. sætið í Reykjavík suður. Þá taldi hann sig mega vel við una í ljósi þess hversu „mikið af flottu fólki“ var í framboði. Enginn skortur var síðan á heillaóskum framlinupírata sem sjá Halldór fyrir sér í baráttusæti.

Stolnar piparkókur
„Þú ert í baráttusæti og vel til þess fallinn að ná því inn! Þú átt svo mikið erindi inn á þing,“ skrifaði til dæmis Álfheiður Eymarsdóttir, sem leiðir lista flokksins í Suðurlanddæmi, í athugasemd. Samhugurinn kemur líklega flatt upp á ráðvilt jafnaðarfólk sem ákvað að forðast innanflokksdeilur og átök í Samfylkingunni með því að sleppa prófkjöri og flytja valið á frambjóðendum frekar í bakherbergin þar sem uppstillingu og skoðanakönnun var grautað saman með svo miklum pipar að þar logar allt í illdeilum og hver höndin er upp á móti annarri.
toti@frettabladid.is

Börn sem bíða,
börn sem líða

Kolbrún
Baldursdóttir
sálfræðingur
og oddviti
Flokks fólksins
í borgarstjórn
Reykjavíkur

Nú bíða 957 börn eftir fagþjónustu skóla í Reykjavík, 360 stúlkur og 597 drengir. Að baki hverju barni er tilvísun undirrituð af kennara/skóla og foreldrum. Flest bíða eftir að komast til skólasálfræðings. Ég hugsa daglega til þessara barna, hvernig þeim líður, og vona innilega að á meðan þau bíða eftir þjónustunni verði vandi þeirra þeim ekki ofviða. Vissulega er reynt að forgangsraða málum. Í svari frá Velferðarsviði kemur fram að reynt sé að taka bráðamál fram fyrir og mál sem þoli bið séu látin bíða. Flest mál hafna í hinum svokallaða 3. flokki en það er flokkur mála sem þolir „bið“ samkvæmt flokkunarmati skólaþjónustu.

Bráðamál og málin sem sögð eru „þola bið“
Enginn getur með fullu vitað hvað er að gerast hjá barninu á meðan það bíður eftir þjónustu. Vel kann að vera að á meðan á biðinni stendur vaxi vandinn og getur á einni svipstundu orðið bráður vandi sem ekki hefði orðið hefði barnið fengið fullnægjandi aðstoð á fyrri stigum. Dæmi um bráðamál eru börn sem viðhafa sjálfsskaða, eru jafnvel komin með sjálfsvígshugsanir eða byrjuð í neyslu. Fullvíst er að þegar svo er komið hefur vandinn átt sér aðdraganda. Mál barns verður ekki bráðamál á einni nóttu heldur hefur líklega verið að krauma mánuðum saman.

Börn eiga ekki að þurfa bíða eftir þjónustu af þessu tagi nema í mesta lagi 3-4 vikur. Með margra mánaða bið er verið að taka áhættu. Þeir foreldrar sem hafa fjárrað sækja þjónustu fyrir barn sitt hjá sjálfstætt starfandi fagaðila. En það hafa ekki allir foreldrar efni á því. Barn sem fær ekki aðstoð við hæfi fyrr en eftir dúk og disk er í mun meiri hættu á að grípa til örþrifaræða eins og sjálfsskaða og jafnvel sjálfsvígstilrauna. Slakt aðgengi að fagþjónustu getur kostað líf. Hér er verið að leika sér að eldi.



SALEWA Ultra Train 18 BP
Kr. 12.990.-



ELÍ Flíspeysa
Kr. 11.990.-



KLETTUR Húfa
Kr. 2.490.-



SALEWA WS MTN Trainer Shoes
Kr. 28.990.-



FUNI Dúndúpa
Kr. 33.990.-

GRÍMSEY Hanskar
Kr. 2.990.-



HVÍTANES Merinó lambhúshetta
Kr. 4.990.-



REYNISFJARA Göngustafir
Kr. 9.990.-



Þín útivíst - þín ánægja

ICEWEAR MAGASÍN
KRINGLAN • LAUGAVEGUR 91 • SMÁRALIND



LYNG Ullarsokkar
Kr. 1.590.-



ASOLO Angle GV
Kr. 25.990.-

SALKA Göngubuxur
Kr. 9.990.-

Opið bréf til formanns Slysavarnafélagsins Landsbjargar



Ögmundur Jónasson
fyrirverandi
innanríkis-
ráðherra

Ég vil ávarpa þig beint sem formann Slysavarnafélagsins Landsbjargar vegna yfirlýsinga þinna í nafni félagsins í Fréttablaðinu síðastliðinn laugardag. Þar veitist þú að fólki sem haldið er spilafíkn í því skyni að finna fyrir því réttlætingu að gera sér veikindi þess að féþúfu. Þessi ummæli valda miklum vonbrigðum svo ekki sé dýpra í árinni tekið. Því eindregnari stuðningsmenn Slysavarnafélagsins Landsbjargar þeim mun meiri eru vonbrigðin. Ekki veit ég hvort þínir félagsmenn hafi látið frá sér heyra. Ég gef mér að svo hafi verið því ég veit fyrir vist að margir þeirra eru á öndverðum meiði við þig í þessu efni. Varla eru menn svo geðlausir að láta þögnina duga.

Þú segir í viðtali við Fréttablaðið að spilafíklar eigi að taka ábyrgð á sjálfum sér og að rangt sé að „varpa ábyrgðinni frá fíklunum og yfir á spilakassana“. Spilafíklar eigi að „taka ábyrgð og viðurkenna sína fíkn og leita sér hjálpar“. Nákvæmlega þetta hafa þeir verið að gera, stofnað samtök og leitað eftir aðstoð af hálfu samfélagsins sem ber ábyrgð á rekstri spilavítanna. Ekki nóg með að þeir einstaklingar sem eiga beint í hlut hafi gert þetta heldur hafa fjölskyldur þeirra og síðan einnig atvinnurekendur, sem þeir starfa hjá, stigið fram og sagt að þær vikur sem kassarnir hafi verið lokaðir vegna COVID hafi það komið sem frelsun. Og allur almenningur tekur undir. 87 prósent landsmanna eru á sama máli samkvæmt umfangsmikilli skoðanakönnun Gallup síðastliðið vor.

Hið göfuga við hjálparstarf

Björgunarsveitarmenn bjarga fólki án þess að hafa um það mörg orð að sjálft geti það sér um kennt að koma sér í þær ógöngur að nauðsynlegt sé að kalla út hjálparsvéitir. Það er einmitt það göfuga og fallega við björgunarsveitirnar. Þess vegna hefur fjöldi heimila ákveðið að styðja Slysavarnafélagið Landsbjörg sem bakverðir. Við höfðum látið okkur koma til hugar á mínu heimili, sem hefur verið slíkur bakhjarl, að tvöfalda áskrift okkar. Það var þegar við höfðum haft af því ávæning að björgunarsveitirnar ætluðu að segja sig frá spilakössunum. Það reyndist vera rangt og létum við því kyrrt liggja. Hlýtur það að eiga við um fleiri heimili en mitt að sú spurning



gerist áleitinn hvort maður hafi yfirleitt geð í sér að styðja björgunarsveitir sem ráðast á þá sem þær ættu að vera að bjarga.

Í framangreindu viðtali við þig í Fréttablaðinu segir þú að „í áráðir“ hafi Íslandsspil og Landsbjörg staðið í baráttu við stjórnvöld um betrumbætur: „Við höfum fundað með stjórnvöldum og ráðherrum til að koma á breytingum er varða spilakassana.“ Þú nefnir sérstaklega að þið hafið viljað innleiða spilakort og „að ekki eigi að vera samkeppni á spilamakaði sem er til góðgerðarmála“.

Þar til nú...

Mikið hafa þessar tilraunir ykkar farið lágt. Þrátt fyrir mikla umræðu á undanförnum misserum um spilavíti og þá óhamingju sem af þeim leiðir, þá hefur ekki heyrst auka-tekið orð frá forsvarsmönnum samtaka „góðgerðarmála“ þar til nú að mótmæli gegn fjárhættuspilunum eru orðin það mikil að ekki verður lengur vikist undan því af hálfu ríkisstjórnar og Alþingis að taka á málinu. Fullreynt er að rekstraráðilarnir geri það ótilneyddir. Þar er SÁÁ undantekningin og eiga þau samtök heiður skilið fyrir vikið.

Síðast kom fram þingmál um eftirlit með þessum fjárhættuspilum árið 2013. Ég flutti það frumvarp sem þáverandi innanríkisráðherra. Ég hafði eftir til samráðs við fulltrúa Íslandsspila, ykkar rekstraráðila, svo og Happpdrættis Háskóla Íslands. Þar reifaði ég þær hugmyndir sem þú vikur nú að, nefnilega að setja allan spilakassarreksturinn undir eina regnhlíf svo



Mikið hafa þessar tilraunir ykkar farið lágt.

félögin væru ekki í samkeppni innbyrðis um að flytja inn eins ágengar vélar og kostur er í því augnamiði að ná „viðskiptavinum“ hver af öðrum. Þessa framtíðarsýn reifaði ég á samráðsfundum með rekstraráðilum. Engan stuðning fékk ég frá þeim. Í besta falli þrjóska þögn.

Þú vísar til fleiri en eins ráðherra sem þið hafið rætt þetta við „í áráðir“. Ef þið hafið átt í viðræðum við núverandi dómsmálaráðherra um þessar hugmyndir þá hefur Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir ráðherra farið mjög dult með það. Ekkert slíkt var á henni að heyra þegar ég átti með henni fund fyrir

fáeinum mánuðum um hugmyndir af þessu tagi.

Úreltar hugmyndir

Hins vegar hef ég sannfærst um að þessar gömlu tillögur um sameiningu og spilakort eru fullkomlega úreltar orðnar. Í mínum huga er fráleitt annað en að loka fyrir þennan rekstur með öllu. Þetta er óværa á okkar samfélagi og okkur öllum til skammar að umbera það að niðst skuli á fólki sem ekki er sjálfrátt gerða sinna. Spilafíklar sjálfir og aðstandendur þeirra hafa sannfært mig algerlega um þetta.

Agæti formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar, ég vil gjarnan slást í hóp þeirra sem vilja finna þínum samtökum rekstrarfé. En fyrst ber að loka á þennan óheillarekstur.

Ef spilafíklar gætu tekið ábyrgð á sér eins og þú brýnir þá til að gera, þá kæmu engar tekjur í vasa þíns félagsskapar því frá þeim kemur nær allt sem þið fáið í ykkar hlut. Þú segir að helst vilduð þið vera lausir við þessa fjáröflun.

Hvers vegna?

Tæki

faeri



SIEMENS

Þvottavél, iQ500

WM 14S08DN

Vindur upp í 1400 sn./mín. Sérkerfi: Sjálfvirkir kerfi, útfatnaður, gallabuxur og mjög stutt kerfi (15 mín.) o.fl. i-Dos: Sjálfvirk skömmtun fyrir fljótandi þvottaefni.

Tækifærissverð:

139.900 kr.

Fullt verð: 174.900 kr.



SIEMENS

Þurrkari iQ300

WT 45M280DN

Sjálfhreinandi rakapétir. Sérkerfi: Ull, útfatnaður, skýrtur og hraðkerfi 40 mín. o.fl.

Tækifærissverð:

134.900 kr.

Fullt verð: 169.900 kr.



SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

APÓTEK LYFSALANS



Glæsibær



Vesturlandsvegur



Urðarhvarf

LYFSALINN GLÆSIBÆ
LYFSALINN VESTURLANDSVEGI
LYFSALINN URÐARHVARFI

Opið 8.30 - 18.00
Opið 10.00 - 22.00
Opið 8.30 - 18.00

Sími 517 5500 / glaesibaer@lyfsalinn.is
Sími 516 5500 / vesturlandsvegur@lyfsalinn.is
Sími 516 5505 / urdarhvarf@lyfsalinn.is

www.lyfsalinn.is

SPORT



Belginn hefur ekki staðið undir væntingum í herbúðum Real.

Hazard aftur á meiðslalistann

FÓTBOLTI Belgíski sóknartengi-liðurinn Eden Hazard er kominn aftur á meiðslalistann hjá Real Madrid, nokkrum dögum eftir að hann snéri til baka inn á völlinn eftir eins og hálf mánaðar fjarveru vegna vöðvameiðsla.

Hazard spilaði einungis í stundarfjórðung og þurfti þá að fara meiddur af velli um helgina. Zinedine Zidane, knattspyrnustjóri Real Madrid, kvaðst ekki viss um hvers eðlis meiðslin væru þegar hann var spurður um stöðu mála á blaðamannafundi. Zidane sagði hins vegar að Hazard yrði fjarri góðu gamni þegar Real Madrid mætir Atalanta í seinni leik liðanna í 16 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu á Santiago Bernabéu í kvöld.

Þessi þritugi leikmaður hefur einungis leikið 25 deildarleiki með Real Madrid síðan hann gekk til liðs við félagið frá Chelsea árið 2019. – hó

Rán á heimilum leikmanna PSG

FÓTBOLTI Fjölskyldur tveggja leikmanna franska knattspyrnuliðsins Paris Saint-Germain, þeirra Angel Di Maria og Marquinhos, voru rændar af glæpagengjum á meðan á leik PSG og Nantes stóð um helgina.

Di Maria var tekinn af velli í leiknum eftir að Leonardo, yfirmaður knattspyrnumála hjá PSG, lét Mauricio Pochettino vita af því að fjölskylda argentínska framherjans hefði verið rænd. Pochettino lét þá Di Maria vita af ráninu.

Fjölskyldumeðlimi Di Maria sakaði ekki við ránið og hið sama var upp á teningnum í tilvikum fjölskyldu brasilíska varnarmannsins Marquinhos en ránið átti sér stað á heimili foreldra hans. – hó

Keppnistilfinningin til staðar þrátt fyrir sérstakar aðstæður

Dagbjartur Sigurbrandsson var einn fjögurra íslenskra kylfinga sem tóku þátt í rafrænu golfmóti á skandinavísku mótaröðinni í golfi um helgina. Það tók tíma að venjast því að lesa aðstæður í golfherminum en hann segir þetta kærkomna viðbót yfir vetrartímann og geta veitt þátttökurétt á stærri mótum.

GOLF „Þetta var vissulega mjög sérstakt en á sama tíma frábært að fá aftur þessa keppnistilfinningu og taka þátt í móti eftir langa bið,“ segir Dagbjartur Sigurbrandsson, kylfingur úr GR, sem var einn fjögurra Íslendinga sem tóku þátt í fyrsta rafræna mótinu á Ecco Nordic Tour um helgina. Dagbjartur og Finnur Gauti Vilhelmsson úr GR og Kristófer Karl Karlsson og Ragnar Már Ríkharðsson úr GM tóku þátt í fyrsta mótinu á ECCO Tour Virtual Spring Series sem fer fram í Trackman-golfhermum sem finna má viðs vegar á höfuðborgarsvæðinu þessa dagana.

Um er að ræða sterkustu mótaröð Skandinavíu þar sem Íslendingar hafa átt góðu gengi að fagna undanfarin ár. Fyrir tveimur árum komust Guðmundur Ágúst Kristjánsson og Haraldur Franklín Magnús úr GR inn á Áskorendamótaröð Evrópu með góðum árangri á Skandinavísku mótaröðinni. Áður hafði Axel Bóasson úr GK komist inn á mótaröðina með sama hætti.

Íslendingarnir fjórir mættu því á alþjóðlegt mót í húsnæði Golfsvíunnar í Hafnarfirði en Dagbjartur sagði að þrátt fyrir furðulegar aðstæður hefði verið komin spennan í mannskapinn á fyrstu holi.

„Þetta var ólíkt því sem maður hefur vanist en samt kom þessi fiðringur í magann fyrir fyrsta höggið þegar við vorum að byrja mótið um helgina. Þá kom þessi keppnistilfinning sem kemur yfirleitt upp fyrir fyrsta högg á hring á mótum,“ segir Dagbjartur um mótið sem var leikið á PGA National-vellinum í Flórída.

Dagbjartur lék best af íslensku kylfingunum og lauk keppni á einu höggi yfir pari. Næstu tveir hringir fara fram á Great Northern, velli í Danmörku og Liberty National í New Jersey. Hann sagði að það hefði tekið tíma að venjast tækninni fyrir hefðbundnu hlutina sem hann gerir úti á velli.



Íslendingarnir fjórir sem tóku þátt í fyrsta móti Ecco mótaröðarinnar í golfhermi um helgina. MYND/ADSENDE

●● **Þetta er frábær viðbót og mótaröðin á hrós skilið fyrir að bæta þessu við listann.**

Dagbjartur Sigurbrandsson

„Það tók smá tíma að aðlagast þessari tækni. Að ná tilfinningu fyrir vindinum sem er í leiknum og hvernig er að slá upp úr sandgryfjum og utan brautar. Það er ekkert verið að slá í mismunandi legum, þess í stað var reikniformúla sem tók kraft úr högginu miðað við legu boltans. Þá sér maður í horninu hversu mikið er tekið af högginu og það tekur smá tíma að venjast að lesa í þessa útreikninga. Þetta var allt öðruvísi en það sem maður

hefur vanist,“ segir Dagbjartur, aðspurður úti muninn á því að spila í slíkum hermi.

„Þetta er allt saman mjög úthugsað hjá þeim. Í þúttunum voru þúttin gefin innan ákveðinnar fjarlægðar, annars þurfti maður að þútta sjálfur. Þá þurftum við að reikna brotin á flötunum á skjánum.“

Hann tekur undir að þetta sé frábær lausn til að koma til móts við kylfinga í heiminum í miðjum heimsfaraldri.

„Algjörlega, þetta er frábær viðbót og mótaröðin á hrós skilið fyrir að bæta þessu við listann. Flestum mótum er aflýst þessa dagana vegna faraldursins en þarna fáum við að keppa upp á eitthvað,“ segir Dagbjartur og heldur áfram:

„Það er stigalisti í þessum mótum sem er ákveðið aðdráttarafi því

þetta gefur möguleika á þátttökurétti á Evrópumótaröðinni og Áskorendamótaröð Evrópu auk peningaverðlauna. Það er heilmikil alvara í þessu,“ segir Dagbjartur sem á von á fjölbreytileika í Hafnarfirði.

„Í síðasta mótinu verður gerð krafa um að við spilum í vindi sem gerir okkur erfiðara fyrir,“ segir hann léttur.

Dagbjartur komst langt í úrtöku-

móti fyrir Evrópumótaröðina í fyrstu tilraun en mun keppa sem áhugakylfingur í þeim mótum sem standa honum til boða í ár enda er hann búinn að samþykkja boð um að leika fyrir háskólann í Missouri í haust.

„Það er mjög spennandi skref sem ég ætla að prófa áður en ég fer að huga að atvinnumennsku.“

kristinnpall@frettabladid.is

Lindt
LINDOR

Fullkomið í veisluna



Ben Whishaw og Hugh Grant í hlutverkum sínum í þáttunum.

Hugh Grant sýnir á sér nýja hlið

Sjónvarpið hóf sýningar á þriggja þátta seríu, A Very English Scandal, á sunnudagskvöldið. Þar fer Hugh Grant með aðalhlutverkið og fengu þættirnir mjög góðar viðtökur þegar þeir voru frumsýndir á Englandi árið 2018. Sagan byggir á raunverulegu hneyksli í breskum stjórnámálum á sjöunda og áttunda áratugnum. Jeremy Thorpe, leiðtogi Frjálslynda flokksins, var þá dreginn fyrir dómara í Old Bailey í Lundúnum vegna ásakana um hvatningu til manndráps. Það var Norman Scott, fyrrverandi ástmaður, sem kærði Thorpe en samkynhneigð var bönnuð með lögum í Bretlandi á þeim tíma sem samband þeirra stóð á sjöunda áratugnum. Árið 1979 þegar kærumálið komst í há máli voru enn miklir fordómar gagnvart samkynhneigð og viðhorf fólks hafði lítið mildast þótt lögum væri breytt árið 1967.

Framhald væntanlegt

Þáttaröðin er gerð eftir bók Johns Preston blaðamanns sem út kom árið 2016 um þetta risavaxna hneykslismál. Hugh Grant sem helst hefur leikið í léttum rómantískum bíómyndum þykir sýna á sér nýja hlið í þáttunum og hefur fengið mjög góða dóma fyrir leik sinn. Hann tók hlutverkið alvarlega og kynnti sér rannsóknir sem vörðuðu málið. Meðal annars ræddi hann við þingmann sem starfaði með Thorpe. Ben Whishaw sem fer með hlutverk Normans Scott þykir líka standa sig frábærlega. Þáttaröð númer tvö er væntanleg og í undirbúningi.

elin@frettabladid.is

Íslensk gæðahráefni
fyrir þig



EYLÍF

Heilsan er dýrmætust
www.eylif.is

GÖNGUGREINING



FÆTUR TOGA
LEIÐIN TIL ÁRANGURS

Bókaðu tíma á faeturtoga.is eða í síma 55 77 100
Fætur Toga, Kringlan 3.hæð og Höfðabakki 3



Sveindís er á samningi hjá þýska stórliðinu Wolfsburg en fyrst millilendir hún hjá Kristianstad þar sem hún skoraði tvennu um helgina. MYND/ALDÍS PÁLSDÓTTIR

Ekkert smá spennt að bera sig saman við þær bestu í heiminum

Sveindís Jane Jónsdóttir er ein skærasta vonarstjarna Íslands í knattspyrnu. Hún segist heppin að hafa kærastann með sér í atvinnumennskuna og ætlar sér að ná mjög langt. **2**



Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is

Ég er skirð eftir afa mínum Sveini og ömmu Janet, sem var alltaf kölluð Jane,“ segir knattspyrnu-konan Sveindís Jane um nafn sitt sem í senn er svo rammíslenskt en um leið útlenskt.

Sveindís er nítján ára, fædd og uppalin í Keflavík, dóttir Jóns Sveinssonar og Eunice Quayson sem flutti til Íslands frá Gana.

„Mamma og pabbi vilja bæði meina að þau hafi verið rosalega góð í fótbolta á sínum ungdóms-árum þannig að kannski fékk ég fótboltahæfileikana frá báðum,“ veltir Sveindís fyrir sér þar sem hún stendur á glæsilegum heima-velli Kristianstad, en hún er nýlega flutt að heiman til Svíþjóðar.

„Ég var tilbúin að taka næsta skref á fótboltaferlinum og það var að komast í gott lið í atvinnu-mennskunni. Í veganesti að heiman hef ég ævarandi stuðning foreldra minna sem hafa alltaf stutt mig í öllu sem ég hef tekið mér fyrir hendur; það hefur alltaf verið gott að vita af þeim og vita að þau eru stolt af mér. Ég sakna því Íslands ekki beint en ég sakna sannarlega fólksins míns heima á Íslandi og er ekkert smá spennt fyrir því að fá heimsóknir að heiman þegar ástandið í heim-inum batnar.“

Söguleg innkoma í landsliðið

Sveindís Jane er fljót til svars þegar hún er innt eftir því hver hún sé, fyrst og fremst: „Ég elska að spila fótbolta.“

Bernskudraumurinn kemur því ekki á óvart.

„Ég byrjaði í fótbolta níu ára og eftir fyrstu æfingarnar varð fót-bolti númer eitt, tvö og þrjú í mínu lífi. Draumurinn varð strax mjög skýr, hann var að spila fótbolta fyrir Íslands hönd, verða atvinnu-kona í fótbolta og verða jafngóð og Margrét Lára. Sá draumur er nú orðinn að risastóru langtímamark-miði sem ég mun vonandi ná að uppfylla einn daginn, en það er sko alls ekki sjálfgefið,“ segir Sveindís kappsöm.

Fyrsta minning Sveindísar um fótbolta er ljúf. „Ég mun aldrei gleyma Síamótinu, Þæjumótinu á Siglufirði og Þæjumótinu í Vest-mannaeyjum. Það var alltaf jafn skemmtilegt,“ segir hún og brosir að minningunni.

Uppeldisfélag Sveindísar í fót-boltanum var Keflavík sem hún spilaði með allt þar til í desember 2019 þegar Keflavík lánaði hana til Breiðabliks. Þar var hún gagn-rýnd fyrir að hafa verið of lengi hjá Keflavík, sem virðist þó ekki hafa bitnað á frammistöðu hennar, eða hvað segir Sveindís við því?

„Ef ég fengi tækifæri til að fara aftur tímann er ég nokkuð viss um að ég myndi ekki vilja breyta neinu. Ég fékk dýrmæta reynslu í Keflavík og verð ævinlega þakklát



Sveindís Jane var ekki nema níu ára þegar hún varð stað-ráðin í að spila fótbolta fyrir Íslands hönd, að verða atvinnu-kona í fótbolta, og jafngóð og landsliðskonan fyrrverandi, Margrét Lára Viðarsdóttir.
MYND/ALDÍS PÁLS-DÓTTIR

fyrir hverja einustu mínútu sem ég fékk að spila fyrir Keflavík, hvort sem það var toppbaráttan í 1. deildinni eða fallbaráttan í Pepsi Max-deildinni. Það er ekki sjálf-gefið að fá að spila með meistara-flokki aðeins fjórtán ára gömul, og í jafnmetnaðarfullu liði og Kefla-vík með sin risastóru markmið.“

Sveindís var kölluð inn í sinn fyrsta leik með A-landsliði kvenna í september í fyrrahaust þar sem hún skoraði tvö mörk gegn Lettlandi og er byrjun hennar í íslenska landsliðinu sú besta í sögu kvennaliðsins.

„Nei, ég kom sjálfri mér ekki á óvart í mínum fyrsta landsleik, ég átti þetta inni og á enn fullt inni. Mér líður mjög vel inni á vellinum í landsliðstreyjunni, allir landsleikir eru mikilvægir og það að spila fyrir Íslands hönd mun alltaf vera sannur heiður,“ segir Sveindís, stolt af frammistöðu sinni og árangri.

„Það er forréttindi að spila fót-bolta, forréttindi að vera atvinnu-kona og að spila fyrir Íslands hönd. Að vinna við að gera það sem ég elska eru líka forréttindi. Það er ótrúlega gaman að ferðast um heiminn og spila fótbolta.“

Risastökk til Wolfsburg

Á milli jóla og nýárs undirritaði Sveindís Jane þriggja og hálfs árs samning við þýsku meistarana í Wolfsburg sem er eitt sterkasta lið Evrópu og vann þýsku Bundes-liguna í fyrra ásamt því að vinna þýska bikarmeistaratitilinn.

„Wolfsburg er auðvitað risa-stórt lið í kvennaboltanum og eitt af bestu liðum heims. Það verður stórt stökk að fara til Wolfsburg en það að fara frá Svíþjóð til Wols-burg minnkar stökkið töluvert, miðað við ef ég hefði farið beint frá Íslandi. Með því að spila fyrir Kristianstad er ég að bæta við mig

mikilvægri reynslu áður en ég held til Þýskalands. Wolfsburg vildi tryggja sér mig í sitt lið en lánaði mig fyrsta árið til Kristianstad svo að ég gæti spilað í sterkari deild en heima á Íslandi og ég er mjög sátt við það skref,“ segir Sveindís.

Kristianstad leikur í sænsku úrvalsdeildinni, Damallsvenskan, og var fyrsti leikur liðsins í sænsku bikarkeppninni á laugardaginn var, þar sem Sveindís gerði sér lítið fyrir og skoraði tvennu í sínum fyrsta keppnisleik fyrir Kristian-stad.

„Tilfinningin var mjög góð. Það er alltaf gaman að skora og vinna leiki, og enn þá skemmtilegra að skora í fyrstu leikjunum,“ segir Sveindís sæl eftir nýliðna helgi og á nýjum stað.

„Helstu viðbrigðin við að vera orðin atvinnukona í fótbolta eru svo sannarlega nýtt tungumál, að búa ekki lengur hjá mömmu og pabba, og að sjálfsögðu meiri sam-keppni og erfiðari andstæðingar, bæði á æfingum og í leikjum.“

Allir geta unnið alla í Svíþjóð

Sveindís kann einkar vel við sig í Svíþjóð.

„Hér hefur verið tekið mjög vel á móti mér og ég er heppin með að í Kristianstad býr fullt af Íslendingum sem gerir mjög mikið fyrir mig. Það er svo ekkert nýtt að ég elska Nocco, og Nocco er sko heldur betur sænskur drykkur,“ segir Sveindís kát, en hún er ekki alls ókunn Kristianstad því hún æfði með aðalliði félagsins til reynslu árið 2016.

Dæmigerð vika hjá knattspyrnu-félagi Kristianstad inniheldur sex æfingar í viku, í einn og hálfan klukkutíma í senn, auk mislangra styrktaræfinga.

„En nú fer mótið að byrja og þá fer allt á fullt,“ segir Sveindís.

Ég ætla mér að ná mjög langt og er ekkert smá spennt fyrir því að hitta og bera mig saman við þær bestu í heiminum þegar ég fer til Wolfsburg.

Sveindís Jane Jónsdóttir

„Aðstaðan hér er virkilega góð, sænska deildin er mjög skemmti-leg, hér geta allir unnið alla, sem er aðeins öðruvísi en í deildinni heima. Hér kemst maður ekki upp með vanmat á liðum sem eru í neðri hluta deildarinnar.“

Sveindís segir knattspyrnukonur í atvinnumennsku ekki hafa það nærri eins gott og atvinnumenn í fótbolta.

„Þetta hefur samt sem áður breyst mikið frá því sem var og ég hef heyrt frá gömlu kempunum og ég er svo rosalega þakklát fyrir það. Það er samt sem áður allt of mikill munur á konum og körlum í atvinnumennsku en ég hef trú á að þetta sé allt á uppleið fyrir okkur yngri kynslóðina og svo mun næsta kynslóð á eftir vonandi hafa það enn betra en við sem erum í atvinnumennskunni núna.“

Urðu ástfangin í enskutíma

Unnusti Sveindísar Jane er Suðurnesjamaðurinn Sigurður Ingi Bergsson. Eins og Sveindís spilaði hann fótbolta með Keflavík þar sem hann var í láni hjá Viði í Garði.

„Siggi er mikill áhugamaður um fótbolta,“ segir Sveindís. „Hann vildi ekki spila fótbolta í Sví-þjóð en Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfarinn minn hjá Kristianstad, fær Sigga oft með okkur á æfingar þar sem henni finnst gott að hafa stráka á æfingum. Hugmyndin með því er að auka hraðann á æfingum, þannig að við Siggi æfum stundum saman. Á sama tíma öðlast hann reynslu af að hafa konu sem þjálfara sem er frekar töff,“ segir Sveindís.

Þau Siggi felldu hugi saman þegar þau sátu saman í enskutím-um í Fjölbautaskóla Suðurnesja, þaðan sem þau settu upp stúdents-húfur í fyrravor.

„Ég er mjög heppin að Siggi var tilbúinn að flytja með mér til Svíþjóðar og við finnum okkur oft eitthvað skemmtilegt að gera saman hér í Kristianstad. Annars er ég í NPTC-einkaþjálfaranámi á vegum Keilis, sem er 100 prósent fjarnám og hentar mér virkilega vel. Ég hef líka mjög gaman af því að þrjóna og nýti frítímann sem ég hef í að þrjóna eitthvað fallegt,“ greinir Sveindís frá.

Hún segir sinn helsta styrkleika sem knattspyrnukonu vera hraða og hugarfar.

„Ég er ekkert smá spennt fyrir því að hitta og bera mig saman við þær bestu í heiminum þegar ég fer til Wolfsburg. Þar eru fullt af geggjúðum fyrrmyndum, eins og til dæmis Alex Popp. Í kvenna-boltanum eru svo rosalega mörg spennandi lið en ef ég mætti velja topp þrjú liðin væri það Lyon, PSG og Wolfsburg. Ég er svo lánsöm að hafa nú þegar fengið tækifæri til að skoða frábæra aðstöðuna sem PSG hefur og bíð spennt eftir að skoða aðstöðuna sem Wolfsburg hefur.“

Framtíðardraumarnir hafa svo breyst í stór markmið hjá Sveindísi Jane.

„Ég ætla mér að ná mjög langt. Árangur en engin endastöð heldur upphaf að einhverju nýju.“

Mest selda liðbætiefni á Íslandi

EYMSLI, STIRÐLEIKI EÐA BRAK Í LIÐUM?



2-3ja mánaða skammtur í hverju glasi

Allt fyrir hótel og veitingahús

ÞRIÐJUDAGUR 16. mars 2021

KYNNINGABLAÐ

Kynningar: Ásbjörn Ólafsson, Hótelrekstur



Reynir Örn Prastarson, matreiðslumaður og sölumaður hjá Ásbirni Ólafssyni ehf., segir að miklar breytingar séu hjá fyrirtækinu og spennandi nýjungar að líta dagsins ljós. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ný vörumerki hjá Ásbirni Ólafssyni ehf.

Ásbjörn Ólafsson hefur boðið upp á frábært úrval af matvörum fyrir hótél, veitingastaði og stóreldhús. Nú er verið að breikka vörulínuna til muna og margt spennandi að gerast. Fyrirtækið er þekkt fyrir að bjóða viðskiptavinum upp á breitt úrval af gæðavörum og góða, persónulega þjónustu. Hægt er að skoða vörur á netsíðu fyrirtækisins. **2**



Norska vörumerkið Salsus sem býður upp á soð og fljótandi krafta.



Ekta íberísk hráskinka frá Jamones Blázquez á Spáni.

„Við erum virkilega spennt fyrir því að kynna fjölmörg ný vörumerki til sögunnar á íslenskan veitingamarkað,“ segir Reynir Örn Þrastarson, matreiðslumaður og sölumaður hjá Ásbirni Ólafssyni ehf. Það eru breytingar í vendum hjá fyrirtækinu en Reynir segir starfsfólkið horfa björtum augum fram á við. Stóreldhúsahluti Knorr og annarra vörumerkja frá Unilever sem hafa verið í höndum Ásbjörns í áratugi eru að færast annað og við taka nýjar áskoranir og skemmtileg verkefni.

„Við erum búin að tryggja okkur sterk ný vörumerki og erum full eftirvæntingar fyrir komandi tímum. Til að mynda verðum við með norska vörumerkið Salsus sem býður upp á soð og fljótandi krafta í hæsta gæðaflokki. Þá munum við einnig bjóða upp á vörur frá breska merkinu Major, en þar er um að ræða bæði duftkrafta, fljótandi krafta, marineringar og ýmislegt fleira spennandi ásamt því að Riscossa pasta er væntanlegt beint frá Ítalíu. Svo eru fleiri merki væntanleg sem ég get ekki nefnt enn þá,“ segir Reynir kankvís og ljóst er að margt spennandi er í pípunum á næstunni.

Frábært vöruúrval

„Heilt yfir er Ásbjörn með frábært úrval af matvörum fyrir hótél, veitingastaði og stóreldhús. Má þar nefna brauð, kökur, frosið grænmeti, franskar kartöflur, súpur, sósur, krydd, sultur, rjóma, hrísgrjón og svo mætti lengi telja. Við höfum undanfarið breikkað vöruflóruna talsvert og bjóðum nú til að mynda upp á nautakjöt, svínakjöt og kjúkling í mjög góðum gæðum, að ógleymdri ekta íberískum hráskinkum og pylsum frá Jamones Blázquez á Spáni.“

Þó svo að kjötið standi alltaf fyrir sínu má ekki gleyma þeim hópi sem kys að borða ekki dýraafurðir. „Það er lykilatriði í dag fyrir bæði veitingastaði sem og mótuneyti að bjóða upp á rétti sem henta fyrir vegan og grænmetisætur. Anamma vörumerkið býður upp á einfaldar lausnir fyrir stóreldhús þegar kemur að vegan mat og einnig erum við með vegan kökur frá Erlenbacher, vegan majónes, frábæran vegan rjóma frá Rama og margt fleira sem hentar fyrir þennan hóp.“

Hjá Ásbirni má einnig finna talsvert úrval af sælkeravörum. „Dæmi um vörumerki sem hefur

Við erum búin að tryggja okkur sterk ný vörumerki og erum full eftirvæntingar fyrir komandi tímum. Til að mynda verðum við með norska vörumerkið Salsus sem býður upp á soð og fljótandi krafta í hæsta gæðaflokki.

verið að slá í gegn undanfarið eru ávaxtapúrrurnar frá Ponthier í Frakklandi, sem bæði eru til frosnar og kældar. Þarna fer saman sanngjarnt verð og frábær gæði,“ segir Reynir. „La Rose Noire er svo annað mjög spennandi merki sem býður upp á fjölbreyttar lausnir fyrir smárétti og eftirrétti, svo sem súkkulaðiskeljar og litlar bökuskeljar, bæði sætar og ósætar. Við hlökkum mikið til að sjá það fara á fullt þegar veisluhöld fara á flug aftur.“

Vörurnar frá Greci þekkja margir en um er að ræða góða línu af niðursoðnu góðgæti beint frá Ítalíu. „Þetta var án efa eitt af því sem sló hvað mest í gegn á básnum okkar á Stóreldhúsinu 2019 og við hlökkum til að endurtaka leikinn í haust,“ segir Reynir. Þá býður fyrirtækið einnig upp á vatn og aðra drykki frá S. Pellegrino á Ítalíu en það merki má finna inni á mörgum bestu veitingastöðum og hótélum heimsins og því tilvalið fyrir íslenska staði að slást í hópinn.“

Ekki bara matvörur

Hjá Ásbirni er ekki einungis hægt að kaupa matvöru, heldur má þar finna ýmsan borðbúnað og sérvörur fyrir veitingastaði og stóreldhús. „Til að mynda erum við með vörur frá APS, en það vörumerki býður upp á sérvörur og eldhúshöld sem eru sniðin að hótélum og veitingahúsum. Frá Churchill kemur borðbúnaður í hæstu gæðum sem er sérhannaður fyrir mikla notkun. Þá erum við einnig með vinsælu hnífapörin frá Amefa að ógleymdum glösum frá Libbey sem er eitt þekktasta glasamerki heims þegar kemur að hótélum, börum og veitingastöðum.“

Einnig má finna þjóna- og kokkafatnað ásamt skóm sem henta í öll eldhús. „Við bjóðum upp á góða línu af hágæða þjóna- og



La Rose Noire er svo mjög spennandi merki sem býður upp á fjölbreyttar lausnir í smáréttum og eftirrétti.



kokkafatnaði frá danska merkinu Kentaur, en þar er áhersla lögð á að sameina útlit og þægindi. Svo þolir fatnaðurinn mikinn þvott á háum hita sem er lykilatriði. Þess má til gamans geta að Kokkalandslíðið og meðlimir Bocuse D'Or klæðast fatnaði frá Kentaur en Ásbjörn Ólafsson hefur verið í samstarfi við bæði Kokkalandslíðið og Bocuse d'Or akademíuna hérlendis undanfarin ár. Skórnir frá Shoes for Crews eru með sérhönnuðum gripsóla sem gerir skóna einstaklega stama og örugga fyrir vikið sem er algjörlega nauðsynlegt fyrir kokka og framreiðslufólk,“ segir Reynir.

Hægt er að skoða úrvalið og spjalla við sölufulltrúa í glæsilegu sýningarherbergi í húsakynnum fyrirtækisins að Köllunarklettsvegi 6 í Reykjavík.

Viðskiptavinurinn í fyrsta sæti Ásbjörn Ólafsson ehf. er með BRC-vottun í birgðahaldi og dreifingu, og er eina matvælaheildsala landsins sem er með slíka vottun. Í síðustu gæðaúttekt hlaut fyrirtækið hæstu mögulegu einkunn. „Okkur fannst afar mikilvægt að fá slíka vottun. Með henni geta viðskiptavinir okkar treyst því að við höfum gæði og fagmennsku að leiðarljósi við val á nýjum birgjum og nýjum vörum. Einnig verðum við fýsilegri kostur fyrir erlenda birgja þegar kemur að því að velja sér samstarfsaðila á íslenskum markaði.“

Hjá Ásbirni Ólafssyni er viðskiptavinurinn alltaf í fyrsta sæti. „Við leggjum mikið upp úr persónulegri þjónustu og góðum tengslum við okkar viðskiptavini.

Við höfum undanfarið breikkað vöruflóruna talsvert og bjóðum nú til að mynda upp á nautakjöt, svínakjöt og kjúkling í mjög góðum gæðum, að ógleymdri ekta íberískum hráskinkum og pylsum frá Jamones Blázquez á Spáni, segir Reynir.

FRÉTTABLAÐID/
ERNIR



Frá Churchill kemur borðbúnaður í hæstu gæðum sem er sérhannaður fyrir mikla notkun.

Við viljum að hver heimsókn skilji eitthvað eftir sig fyrir viðskiptavininn, hvort sem við komum með innblástur, uppskrift eða nýja vöru. Þetta skiptir virkilega miklu máli og er jákvætt fyrir alla aðila,“ segir Reynir.

„Vefverslunin er í stöðugri þróun. Hún fékk nýlega uppfærslu og er nú betri en nokkrum sinnum fyrr. Við hvetjum áhugasama aðila til að sækja um aðgang og kynna sér vöruúrvalið og möguleikana.“

Á heimasíðu Ásbjörns, asbjorn.is, er hægt að fræðast betur um vörumerkin og vörurnar sem eru í boði og sömuleiðis er hægt að panta á þessari glæsilega vefverslun.



Til þjónustu reiðubúin

IKEA 365+ karöflur
með tappa 1l
595,-/stk.

BROR vinnubekkir
L110×B55, H88cm

22.950,-/stk.

IKEA 365+ skálar 16cm

545,-/stk.

RISATORP körfur

995,-/stk.

Ert þú að stofna nýtt fyrirtæki eða langar að breyta til og bæta?
Starfsfólk fyrirtækjaþjónustunnar veitir þér faglega ráðgjöf,
tekur saman vörurnar og einfaldar þar með framkvæmdarferlið.
Komdu við í versluninni, sendu fyrirspurn á sala@IKEA.is eða
hringdu í síma 520 2500.

Verslun opin 11-20 alla daga – [IKEA.is](https://www.IKEA.is)



Vill bara að allir kynnist perlum Íslands



Jóhanna María
Einarsdóttir
johannamaria@
frettabladid.is

Erla Þórdís Traustadóttir rekur, ásamt eiginmanni sínum Ívari Sæland, ferðaþjónustuna Fjallhöllu sem er lítið fjölskyldu-fyrirtæki staðsett í Reykholti í Biskupstungum.

Erla hefur alltaf gengið á fjöll með fjölskyldu og vinum. „Ég var nördið sem vildi, vinkonum mínum til mikillar mæðu, fara upp á Esju eftir skólaböll og hefur alltaf fundist þessi hreyfing heillandi,“ segir Erla.

Horfði löngunaraugum á Esjuna
Sem ung kona hafði Erla mörg áhugamál og tók áhugasviðspróf STRONG nokkrum sinnum. „Þá byrjaði ég í ferðamálafræði við Háskóla Íslands, hætti eftir eitt ár, dreif mig í klásus í hjúkrunarfræði, hætti í því eftir eitt ár, því mig þyrsti í ferðalög og fjallgöngur. Fyrsta vinnan mín í ferðabransanum var á hjólabáti í Jökulsárlóni 2010. Svo vann ég við hitt og þetta tengt ferðabransanum næstu árin, ásamt því að klára mína fyrstu gráðu. Ég tók rútuleiðsögnina í Garði áður en að ég varð leiðsögumaður og var eiginlega hent út í djúpu laugina þar sem ökuleiðsögumaður. Þetta var vel borgað starf þar sem tíminn flaug áfram, en ekki vinna þar sem maður starir á klukkuna og bíður eftir því að hún verði fjögur. Ég vissi snemma að skrifstofustarf væri ekki fyrir mig, og sem hjúkrunemi inni á deild horfði ég alltaf út um gluggann í áttina að Esjunni. Svo stofnaði ég Fjallhöllu árið 2014.

Ég kynntist manninum mínum Ívari Sæland árið 2016 og flutti með honum upp í Reykholt stuttu síðar. Ég hafði sko alls ekkert á móti því búa úti á landi þar sem ég gat skroppið upp á fjall þegar mig langaði. Mér leiðist það aldrei að sýna erlendum ferðamönnum landið mitt.“

Hvað varstu gömul þegar þú kleifst þitt fyrsta fjall?

„Ætli ég hafi ekki verið um þriggja ára uppi á Úlfarsfelli. Fimm ára fór ég á Rauðagnúp en við eigum ættarbyli á Melrakkasléttnu og höfum gengið mikið þar um að veiða, finna rekavið og njóta náttúrunnar.“

Hver er ykkar sérstaða hjá Fjallhöllu?

„Við erum þau einu í Reykholti í Biskupstungum og nágrenni sem bjóðum upp á göngur, og við þekkjum vel til og erum í góðu samstarfi við eigendur landanna. Ívar, maðurinn minn, er heima-maður og getur léttilega haldið þriggja tíma fyrirlestur um staði og menn.“



Bjarnafell er að sögn Erlu í miklu uppáhaldi enda trúlofaðist hún Ívari, manninum sínum, uppi á tindri fjallsins. MYNDIR/ÆÐSENDAR



Erla fæddist með fjallageitargeninu í erfðafæðinu.

Sló vörn í sókn

Þegar faraldurinn hóf innreið sína sló Erla hjá Fjallhöllu vörn í sókn. „Það vill svo skemmtilega til að ég er tækifærissinni og fylgi áhuganum hjá fólki. Við nýttum því þennan tíma til að stækka. Síðasta sumar var spurt hvort ekki væri áætlunarferð í Kerlingarfjöll, en ferðirnar þangað voru eitthvað takmarkaðar út af COVID. Ég hafði áður rætt við leiðsögumanninn minn, bekkjarfélaga úr gönguleiðsagnarnáminu, um að skipuleggja ferð í Kerlingarfjöll, en aldrei látið verða af því, og var þessi spurning kveikja að öllum gönguferðunum síðastliðið ár í COVID-ástandinu.

Við höfum alltaf verið dugleg að passa upp á grímunotkun og fylgja sóttvarnareglur og létum þannig allar ferðirnar ganga vel fyrir sig. Ég er bara svo ánægð að sjá hvað Íslendingar eru duglegir að nýta sér landið sitt í þessu ástandi í stað þess að vera svektir yfir því að komast ekki út í sólina. Við bjuggum til ferð á Grænahrygg og svo bættust fleiri ferðir við.

Við höfum nýtt ástandið til þess að fara úr því að vera ferðaskipuleggjendur í að vera ferðaskrifstofa sem býður klárlega upp á fleiri möguleika. Við erum því að bjóða upp á nokkrar margra daga ferðir í sumar. Leiðsögumennirnir eiga svo mikið hrós skilið, enda hafa þau samið flestallar ferðirnar frá grunni! Ég hef aðallega bara verið jákvæði drifkrafturinn í þessu og leiðist ekki að senda tölvupósta og heyra í fólki. Það má því segja að COVID hafi verið ákveðið sóknar-tækifæri fyrir okkur, en ég hefði aldrei haft tíma til að sinna þessu, nema af því að ég var einmitt í fæðingarorlofi.“

Erla er bjartsýn á að Íslendingar verði duglegir að nýta sér ferðirnar í sumar. „Íslendingarnir sem ferðudust um landið síðasta sumar hafa verið duglegir að byggja upp þolið, þannig að þeir sem komust ekki með okkur síðasta sumar, fara þetta sumar. Ég veit um marga sem ætla að nýta tækifærið og drífa sig upp á hæsta tind Íslands eða einhvern



Grænahryggsferðirnar eru jafnvinsælar í sumar og síðasta sumar.

Ég vissi snemma að skrifstofustarf væri ekki fyrir mig, og sem hjúkrunemi inni á deild horfði ég alltaf út um gluggann í áttina að Esjunni.

Erla Þórdís

jökul. Við, ásamt svo mörgum öðrum, erum með þrusutilboð í gangi í jöklaferðir, enda ekki hægt að okra. Við viljum bara að sem flestir kynnist þessum perlum okkar.“

Hvað er það við ferðaþjónustuna og starfið sem heillar þig?

Ætli það sé ekki hvað greinin er „lifandi“. Alltaf að hitta nýtt fólk, og að hitta fólk aftur, sem kemur aftur og aftur í ferðir hjá okkur. Upplifa nýja hluti og það að fá að vinna úti er bara draumur í dós. Það er svo gaman að geta verið á ferðinni og fá að gera eitthvað heillandi og nærandi og að það sem ég geri virki, það gleður mig mest.

Áttu þér uppáhaldsfjall?

„Úff, þarna kom erfiðasta spurningin. Í augnablikinu verð ég að segja Bjarnafell, því við Ívar trúlofuðum okkur þar. En fjöllin hér hjá Reykholti eru jafn mörg og þau eru fjölbreytt og kannski á ég enn þá eftir að kynnast mínu uppáhaldsfjalli, þar sem ég hef ekki gengið á þau öll.“



NILFISK VINNUR VERKIÐ Á METHRAÐA

Gólfþvottavélar og ryksugur fyrir hótél, fyrirtæki og iðnað



OPÍÐ ALLA
VIRKA DAGA
KL. 8-17


REKSTRARLAND verslun | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Söluver 515 1100 | rekstrarland.is



Fasteignablaðið

11. TBL. ÞRIÐJUDAGUR 16. mars 2021

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS



LANDMARK FASTEIGNAMÍÐLUN



Hlíðasmára 2
201 Kópavogi
Sími: 512 4900
www.landmark.is
landmark@landmark.is



ERT ÞÚ Í SÖLUHUGLEIÐINGUM?
Við erum til þjónustu reiðubúin

-örugg fasteignaviðskipti



Elín Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali



Björn Þorri Viktorsson hrl.
Löggiltur fasteigna- og skipasali



Sólveig Friða Guðrúnardóttir
Löggiltur fasteignasali og
lögfræðingur

MIDBORG FASTEIGNASALA - SUNDAGARÐAR 2 - 104 REYKJAVÍK - SÍMI: 533 4800

www.midborg.is

Reykjavíkurvegur 70 220 Hafnarfirði



Til leigu

944,4 fm iðnaðarhús- næði á áberandi stað við Reykjavíkurveg

- Eignin samanstendur af iðnaðarsölum með mikilli lofthæð, möttöku, stafsamannaaðstöðu og geymslum á baklóð.
- Tilvalið húsnaði fyrir iðnað, bílatengda starfssemi eða verslun.
- Gott bílaplan fyrir framan húsin og á baklóð.



Nánari upplýsingar:
Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300
svan@miklaborg.is

MIKLABORG

569 7000 • Lágmúla 4 • miklaborg.is

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar



Gullteigur 6 er glæsilegt hús í vinsælu fjölskylduhverfi þar sem ótal margt skemmtilegt er í stuttu göngufæri.

Hæð í draumahverfi fjölskyldufólks

Fasteignasalan Miklaborg og Jórunn, löggiltur fasteignasali, kynna í einkasölu efri sérhæð á Gullteig 6 í vinsælu Laugarneshverfinu.

Hæðin er skráð 143,3 fermetrar að stærð, með 20 fermetra samþykktu geymslu til norðvesturs á lóð. Íbúðin er með sérinngangi. Komið er inn í forstofu sem er opin inn í hol. Úr holi er innangengt á snyrtingu, þvottahús og rúmgott herbergi með tveimur gluggum til suðurs. Eldhúsið er fallega innréttað með sérsmiðaðri, hvítri innréttingu og eyju. Úr eldhúsi er útgengt á vestursvalir. Stofurnar eru L-laga og tengjast eldhúsinu, mjög bjartar og rúmgóðar. Badherbergið er flísalagt og var endurnýjað fyrir nokkrum árum. Þar er góð snyrtiaðstaða, sturta, innrétting með handlaug, spegill og gluggi.

Svefnherbergi inn af gangi eru þrjú, hjónaherbergi með rúmgóðu fataherbergi og tvö önnur; annað er nýtt sem sjónvarpsherbergi í dag. Möguleiki er að breyta fataherberginu í fimmta svefnherbergið.

Gullteigur 6 er fallegt hús þrýtt skeljasandi. Húsið var byggt árið




1967 og er hannað af Skúla Norddal arkitekt. Það var í fyrstu tvær hæðir en byggt var ofan á húsið 1984. Í kringum árið 2010 var skulp og dren endurnýjað, þakjárn yfirfarið og lagað, múrviðgerðir gerðar að utan og gluggar ásamt gleri endurnýjaðir. Stétt og tröppur voru sömuleiðis yfirfarnar og lögð snjóbræðsla í stéttina.

Um er að ræða mjög skemmtilega hæð í draumahverfi fjölskyldufólks, þar sem allt er í

göngufæri. Í nokkurra metra fjarlægð er Laugarnesskóli, stutt er í skúlpútturana í Ásmundarsafni, Laugardalinn, fimleikadeild Ármanns, knattspyrnufélagið Þrótt, Skautahöllina, Fjölskyldu- og húsdýragarðinn og Laugardalslaug.

Nánari upplýsingar veitir Jórunn, löggiltur fasteignasali, í síma 845-8958 eða á jorunn@miklaborg.is



heimili fasteignasala á traustum grunni

Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.



Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is



Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá. Skoðum og metum samdægurs. Sanngjörn sölupóknun.



**FASTEIGNA
MARKAÐURINN ehf.**

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is

Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th.
Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Elín D. Wysomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Úlfar Freyr
Jóhannsson
hdl og lögg.
fasteignasali
ulfar@fastmark.is



Gísli Ráfn
Guðfinnsson
Aðstoðarmaður
fasteignasala
gisli@fastmark.is



Hallveig
Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Sumarhús – Valhallarstígur - Þingvöllum. Húsið er afar vel byggt hús frá fyrstu gerð, reisulegt og stílhreint, en þarfnast talsverðrar endurnýjunar. Nánari upplýsingar veittar á skrifstofu.

Laxatunga – Mosfellsbæ



- Fallegt og vel skipulagt 236,9 fm. einbýlishús á einni hæð með innbyggðum flísalögðum bílskúr við Laxatunga í Mosfellsbæ.
- Þrjú stór barnaherbergi. Bjartar stofur með gólfíðum gluggum til vesturs. Hjónasvita með fataherbergi innaf. Tvö baðherbergi.
- Stór viðarverönd með heitum potti. Innangengt er í stóran bílskúr með gluggum.
- Húsið að utan er klætt með flisum og því viðhaldslítið.

Verð 99,9 millj.

Grettisgata – Heil húseign



- Um er að ræða sex 2ja herbergja íbúðir auk geymslna, samtals 245,8 fermetrar.
- Eignin er öll í langtímaútleigu í dag og skráð sem íbúðarhúsnæði en endurnýjun á gistileyfi í flokki II er í venjubundinni endurnýjun og því væri hægt að færa eignina í ferðamannaútleigu þegar þar að kemur.
- Um er að ræða virkilega fallega og nýlega uppgerða 6 íbúða húseign, sem var að öllu leyti endurbyggð árið 2010, á virkilega rólegum og góðum stað í hjarta miðborgarinnar. Svalir eru á 4 íbúðum hússins.

Skipholt 29B. 3ja herbergja endaíbúð.



- Virkilega góð 121,3 fm. 3ja herbergja endaíbúð með gluggum í þrjár áttir á 3. hæð í nýlegu og vönduðu fjölbýlishúsi með lyftu.
- Íbúðin er eina íbúðin á hæðinni í þessum hluta byggingarinnar, þ.e. norður- álmu en tvær íbúðir eru í suðurálmu og er göngubrú þangað yfir.
- Vandaðar innréttingar í eldhúsi. Yfirbyggðar svalir til suðausturs. Tvö svefnherbergi.
- Sameiginlegur líkamsræktarsalur er á efstu hæð auk sameiginlegs þakgarðs með útsýni út á sundin, að Esjunni og yfir borgina.

Verð 73,9 millj.

Brávallagata. 3ja herbergja risíbúð.



Eignin verður til sýnis í dag, þriðjudag frá kl. 17.00 – 17.30

- Björt og vel skipulagða 64,3 fm. risíbúð með svölum til suðurs í góðu steinsteyptu húsi á þessum eftirsóttastað í „gamla vesturbænum“.
- Baðherbergi er nýlega endurnýjað. Eldhúsinnréttingar og tæki eru nýleg.
- Húsið að utan er nýlega viðgert. Allt gler og gluggar í húsinu voru endurnýjuð árið 2019. Stigahús er mjög snyrtilegt líkt og sameign öll.
- Eignin getur verið laus til afhendingar strax.

Verð 44,9 millj.

Kjarrhólmi – Kópavogi. 4ra herbergja útsýnisíbúð.



- Mikið endurnýjuð 101,2 fm. 4ra herbergja íbúð á 4. hæð með svölum til suðurs við Kjarrhólma.
- Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð hið innra á sl. 5 árum, m.a. baðherbergi, innrétting og tæki í eldhúsi, innrétting í þvottaherbergi og fataskápar.
- Stofan er mjög rúmgóð og í dag nýtt sem bæði borð- og setustofa. Þrjú herbergi.
- Skipt hefur verið um allt gler, glugga og svalahurðir á suðurhlíð hússins árið 2018 og skipt var um allt gler sem þurfti og gluggalista á norðurhlíð hússins árið 2020.

Verð 50,9 millj.

Garðatorg 7 – Garðabæ. 3ja herbergja íbúð.



Eignin verður til sýnis á morgun, miðvikudag frá kl. 17.00 – 17.30

- Mjög góð 3ja herbergja 101,5 fm. íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi við Garðatorg í Garðabæ.
- Gluggi á baðherbergi. Sér þvottaherbergi . Stofa með útgengi á skjólgóðar svalir til suðurs, sem heimilt er að loka með glerlokun.
- Hús að utan var viðgert og málað árið 2019.
- Virkilega falleg eign á góðum stað í miðbæ Garðabæjar. Stutt er í alla þjónustu, t.a.m. verslanir, heilsugæslu o.fl.
- Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning.

Verð 56,9 millj.

Ingólfsstræti. Parhús með tveimur íbúðum.



- Parhús með tveimur íbúðum í útleigu á 351,0 fermetra afgritri lóð með 8-10 sér bílastæðum á virkilega góðum stað í miðborginni.
- Tvær 2ja herbergja íbúðir eru í húsinu, ein á hvorri hæð, og eru þær báðar í útleigu. Góðir tekjumögu-leikar til lengri tíma.
- Parhúsið er í þokkalegu ástandi að innan og utan, en þarfnast einhvers viðhalds og endurbóta.
- Mögulegt væri að leigja út bílastæði á lóðinni til viðbótar, en nýtt rafmagnshlíð var sett upp á lóðina fyrir nokkrum vikum síðan og hún því lokuð fyrir óviðkomandi umferð.

Vatnsstígur 16. 2ja herbergja íbúð.



- Virkilega vönduð 112,5 fm. íbúð á 1. hæð við Vatnsstíg nr. 16 í Reykjavík auk sér bílastæðis í bílageymslu.
- Stór og björt stofa með tveimur gólfíðum gluggum og útgengt á yfirbyggðar opnanlegar svalir til vesturs sem eru með svalalokun.
- Allar innréttingar, innihurðir og parket í íbúðinni eru úr eik.
- Sameign hússins er öll til fyrirmyndar og umgengni einstaklega góð.

Verð 66,9 millj.

Lundur 22 – Kópavogi. Ein íbúð eftir !



- Glæsileg 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í 3ja hæða glæsilegri nýbyggingu við Lund 22 í Kópavogi.
- Íbúðin verður afhent án gólfefna, nema á baðherbergi og þvottahúsi verða flísar.
- Innréttingar eru frá Brúnas ehf.
- Arkitektar: Guðmundur Gunnlaugsson (Archus) og Gunnar Páll Kristinsson (Rýma arkitektar).
- Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf., www.bygg.is
- Íbúðin er tilbúin til afhendingar.

Stuðlaborg – Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.



- Stuðlaborg er vandað fjölbýli með 77 íbúðum í fimm lyftuhúsum.
- Á Kirkjusandi er örستutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist. Stórbrotið útsýni yfir sundin blá, miðbæinn og borgina.
- Áhersla á fjölbreytileika og gæði í hönnun, efnisvali og frágangi. Þýskar gylltar álklaðningar ásamt stórum swiss pearl steinplötum. Sérstök hljóðgölf í öllum íbúðum, þykkir veggir og full loft-ræsting skapa góða hljóðvist. Gólfíðir gluggar í stofum skapa einstakt og óhindrað sjávarútsýni.
- Hin margverðlaunaða og heimsþekta danska arkitektastofa Schmidt Hammer Lassen (SHL) hannar Stuðlaborg ásamt VA arkitektum.
- Nánari upplýsingar um bygginguna á www.105midborg.is

MIKLABORG



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar



Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520



Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856



Ólafur Finnþogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307



Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178



Elin Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090



Ingi Þór Ingólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 698 4450



Ómar Hvarndal
hdl. og aðst. fasteignasali
Sími: 832 3200



Barbara R. Bergþórsd.
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339



Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300



Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000



Ásgrímur Ásmundsson
hdl. og lögg. fasteignasali
Sími: 865 4120



Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634



Jörunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958



Þóroddur S. Skaptas
lögg. fasteignasali
Sími: 868 4508



Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515



Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272



Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
Sími: 691 1931



Kjartan I. Guðmunds
aðst. fasteignasala
Sími: 663 4392



Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232



Friðrik Þ. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignasali
Sími: 616 1313



Friðjón Ö. Magnúss.
lögg. fasteignasali
Sími: 692 2704



Óskar S. Axelsson
aðst. fasteignasala
Sími: 691 2312



Guðrún D. Valdimars
aðst. fasteignasala
Sími: 899 6551



Anton Karlsson
lögg. fasteignasali
Sími: 771 8601



Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929



Ragnheiður Pétursd.
hdl. og löggiltur fasteignasali



Framúrskarandi fyrirtæki

NÝTT Í SÖLU

Flyðrugrandi 12
107 Reykjavík

PANTIÐ SKOÐUN
hjá Páli í síma **893 9929**

Rúmgóð, vel skipulögð og mikið endurnýjuð 126,2 fm 5 herbergja íbúð á 4. hæð

- 5 svefnherbergi (hluti stofu nýtt undir 5 herbergi).
- Tvennar svalir.
- Innréttinar í eldhúsi og á baðherbergi endurnýjað 2014.
- Húsið er nýlega viðgert og málað að utan og endurnýjað gler og gluggar þar sem þurfti. Framkvæmdum lauk 2020.

Nánari upplýsingar:
Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929
pall@miklaborg.is

Verð: **68,9 millj.**

NÝTT Í SÖLU

Frostaskjól 89
107 Reykjavík

PANTIÐ SKOÐUN
hjá Páli í síma **893 9929**

192,5 fm endaraðhús á tveimur hæðum á þessum vinsæla stað í vesturbænum

